

**65. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
25. júlí 2017 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1706078 - Innritun í leikskóla á Akranesi**

Viðbrögð við eftirspurn eftir leikskólaplássi á Akranesi

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu til bæjarráðs þess efnis að leitað verði leiða til að hefja inntöku barna á leikskóla fyrr en tíðkast hefur á Akranesi.*

*Alfreð Þór vék af fundi kl. 17:15*

*Áheyrnarfulltrúar Ingunn og Íris víkja af fundi kl. 17:30*

**2. 1707051 - Námsgögn í grunnskólum Akraneskaupstaðar**

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að frá og með hausti 2017 muni Akraneskaupstaður leggja öllum grunnskólanemendum til námsgögn þ.e. ritföng og stílabækur, foreldrum að kostnaðarlausu. Áætlaður heildarkostnaður er rúmar 4 mkr. á ári eða kr. 4.000 pr. nemanda.*

*Með ákvörðun sinni vill skóla- og frístundaráð tryggja öllum börnum á grunnskólaaldri á Akranesi, grunnmenntun án endurgjalds og stuðla þannig að jafnræði í námi.*

*Skóla- og frístundaráð vísar tillögu sinni til bæjarráðs með beiðni um viðbótarfjármagn að fjárhæð 2 mkr. vegna haustannar 2017. Útgjöldum að fjárhæð um 4 mkr. vegna námsgagnakaupa á árinu 2018 verði vísað til komandi fjárhagsáætlunargerðar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Þórður Guðjónsson*

*Kristinn H. Sveinsson*

*Sigrún Inga Guðnadóttir*

*Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir*

*Sigríður Indriðadóttir*